



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á þingi Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands
1. nóvember 1997**

Heiðruðu þingfulltrúar.

Þegar íþróttasamtök Íslendinga og samstarf okkar við aðrar þjóðir innan vébanda Ólympíuhreyfingarinnar eru nú í fyrsta sinn tengd saman í eina heild, þá er það bæði merkur áfangi í skipulagssögu íþróttá á Íslandi og tilefni til að ræða mikilvægi íþróttá í samfélagi nútímans og tilgang þeirra í lífi smáþjóðar sem býr við sífellt alþjóðlegra umhverfi.

Það er ekki ætlun mín í stuttu ávarpi að komast að niðurstöðum um slík umræðuefni, en leyfið mér að áréttá hér við upphaf þessa þings að þau eru brýn.

Sjálfstæðisbarátta Íslendinga var ekki aðeins byggð á fornum rétti og arfi menningar og sögu, heldur einnig á sjálfsmynd þar sem íþróttir og hreysti voru talin til helstu dádá. Í aðdraganda nýrrar aldar, þegar alþjóðleg fjölmiðlun færir fjarlæga atburði heim í stofu og úrslitaleikir í enskri knattspyrnu og bandarískum körfubolta, lokakeppni í alpagreinum og evrópsku golfmóti eiga sér öflugt áhugalið hér heima, þá er ljóst að sjálfstæðisvitund nýrrar kynslóðar muni í framtíðinni ráðast að hluta af því hvort við Íslendingar eigum gjaldgenga keppendur á alþjóðlegum mótum.

Íslensk æska verður áfram að geta sótt sínar hetjur á heimavöllum og dáðst að framgöngu þeirra á erlendri grund. Sigrar Clausenbræðra, Gunnars Huseby og Torfa Bryngeirssonar skerptu stolt og sjálfsvitund minnar kynslóðar og ánægju okkar yfir því að vera Íslendingar mun meira en margar 17. júnir ræður landsfeðranna og voru þeir textar þó oft ærið kyngimagnaðir.

Á sama hátt hefur framganga Everestfaranna íslensku, sigrar landsliðsins í handbolta og glæsilegur árangur frjálsíþróttafólks okkar á þessu ári, svo að nefnd séu fáein dæmi, verið æsku landsins mikilvæg sönnun þess að það er hægt að vera í senn góður Íslendingur og sannur afreksmaður á heimsvelli íþróttanna.

Hlutverk íþróttahreyfingarinnar í ævarandi en síbreytilegri sjálfstæðisbaráttu þjóðar okkar mun tvímælalaust vaxa enn frekar á nýrri öld og ráða miklu um megindrætti í sjálfsmynd ungra Íslendinga.

Á sama hátt og íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki við að móta orðstír þjóðarinnar á alþjóðlegum vettvangi er nauðsynlegt að breikka þátttöku fjöldans hér heima í virkri íþróttaiðkan og líkamsþjálfun, að festa í sessi þann skilning að íþróttir eru í reynd fyrir alla. Í þessum efnum hefur vissulega mikið áunnist á undanförnum árum, en mun betur má ef duga skal.

Kannanir hafa sýnt að þátttaka í íþróttum dregur úr líkum á áfengis- og vímuefnaneyslu ungs fólks. Baráttan gegn hinum vaxandi eiturfjandráttum í samfélagi okkar hlýtur því að sækja styrk í aukið íþróttastarf æskufólks, íþróttastarf sem ekki miðast fyrst og fremst við keppni og sigra, heldur hefur lífsgleði og heill einstaklingsins sjálfs að leiðarljósi.

Niðurstöður víðtækra rannsókna hafa einnig staðfest að líkur á margvíslegum sjúkdómum minnka verulega með reglulegri líkamsrækt og iðkan íþróttar. Heilbrigðisþjónustan er meðal helstu útgjaldaþátta ríkisins og það er því veruleg þjóhagsleg hagkvæmni fólgin í eflingu íþróttaiðkana meðal fólks á öllum aldri, karla og kvenna, úr öllum starfsgreinum. Hér býður okkar allra mikilvægt verkefni. Íþróttahreyfingin gæti vissulega, í góðri samvinnu við ríki og sveitarfélög, heilbrigðisstéttir og fjölmiðla, beitt sér fyrir sannkallaðri byltingu í íþróttaiðkan og líkamsrækt almenninga á Íslandi. Íþróttir yrðu samfelld almenningasiða – líkamsrækt allra, hvern einasta dag, frá æsku til æviloka.

Í þessum efnum þarf að verða þjóðarvakning og það fellur vel að getu og skipulagi Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands að taka nú forystuna og leiða þjóðina inn á brautir heilbrigðara lífs og hollrar líkamsræktar öllum til ánægju og hagsbóta, ríkissjóði til sparnaðar og almenningi til heilla.

Hugarfarið ræður hér miklu; að árangur sé mældur ekki aðeins í metum og keppnissigum sem færðir eru í stigatöflur, heldur í úthaldi sérhvers einstaklings, einbeitni og atorku okkrar sjálfra við að efla eigin líkamsrækt.

Morgungöngumaðurinn sem árum saman hefur heilsað hverjum degi, hvort heldur í vetrarmyrkri eða sumarsól, með klukkutíma kraftarki, æfingum og lóðalyftingum og hefur þannig í 10 eða jafnvel 20 ár safnað sínum eigin æfingatímum, og nú þegar kominn yfir 5000 tíma markið og stefnir síðar á ævinni að 10.000 tíma markinu, hefur vissulega unnið íþróttasigra í ástundun og úthaldi líkt og gömlu vinnufélagarnir eða vinkonurnar sem mæta í 2000. sinn í bolta- eða leikfimitímamann verðskulda vissulega verðlaunapeninga á við hvern annan.

Við þurfum að skerpa þann skilning að sigrar og úthald á lífsvelli hvers og eins sé það sem mestu máli skiptir um leið og þjóðin gleðst yfir afrekum okkar fólks á alþjóðlegum keppnisgrundum.

Ég færi Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands árnaðaróskir á þessu fyrsta þingi og vona að starf ykkar og stefnumótun verði þjóð okkar og landsmönnum öllum til heilla.